



## Afmælikveðja frá forseta Íslands

Í íslenskri íþróttasögu leikur sérstakur ljómi um Val, félag sem í árdaga síðustu aldar ruddi brautir, geymir fjölda afrekstitla í sögu sinni og veitir öðrum enn verðuga keppni.

Þegar frumherjarnir komu saman var Reykjavík í reynd fátæklegur kaupstaður, aðstaða til íþróttar varla boðleg ef litið er til þess sem nú þykir sjálfsagt. Oft var á brattann að sækja og á stundum tvísýnt um framtíð félagsins.

Valur naut þess þó snemma að eignast úrvalssveit, bæði á keppnisvelli og í félagsstarfi; framlagið til íþróttalífs í landinu varð snemma verulegt. Félagið hefur á langri leið fagnað mörgum sigrum, þjálfað æskufólk sem síðar komst í fremstu röð, sumir á verðlaunapalla Ólympíuleika og annarra stórmóta víða um heim.

Valur ávann sér hollustu nýrra kynslóða, skaraði framúr í ýmsum greinum og er í forystu um nýjungar.

Aldarsaga þessa merka félags er lærdómsrík, endurspeglar þroskaskeið íslenskrar íþróttahreyfingar frá uppruninum í litlum bæ til afreka á veraldarvísu, frá moldarbrautum til keppnisvalla þar sem hinir bestu ganga til leiks.

Það hefur verið gæfa fyrir æsku landsins að eiga Val og fyrir hönd þjóðarinnar færi ég ykkur heillaóskir á sögulegum tímamótum.

(undirskrift)